

# Ójöfnuður án uppnáms: Hvað mótar umburðarlyndi Íslendinga gagnvart tekjumun?

ÝR ÖRLYGSÐÓTTIR, doktorsnemi í félagsfræði við University of Chicago

**ÚTDRÁTTUR:** Rannsóknir benda til þess að þótt almennt ríki sú skoðun að ójöfnuður í samfélaginu sé of mikill telja flestir engu að síður að umtalsverður tekjumunur sé æskilegur. Þrjár skýringar kunna að liggja að baki slíkri þversögn. Í fyrsta lagi hefur fólk sterka tilhneigingu til að upplifa ríkjandi samfélagsskipan sem sjálfgefna og því víki hugmyndir þess um æskilegan ójöfnuð ekki langt frá ráðandi tekjumun. Í öðru lagi kemur ójöfnuður þeim vel sem telja sig hafa góða þjóðfélagsstöðu. Í þriðja lagi kann að vera að útbreidd verðleika-tækifæristrú (e. *meritocratic opportunity beliefs*) hvetji fólk til þess að líta svo á að staða einstaklinganna í samfélaginu sé að mestu leyti áunnin og því sé umtalsverður tekjumunur sanngjarn og réttlátur. Athugað er hvort þessar skýringar eiga við rök að styðjast með því að skoða gögn úr Íslensku Félagsvísindakönnuninni (ISS) frá árinu 2020. Niðurstöður styðja greinilega fyrstu skýringuna. Skýr fylgni er á milli umburðarlyndis gagnvart tekjuójöfnuði og þeirrar skoðunar að í samfélaginu ríki tekjuójöfnuður. Önnur skýringin fær líka stuðning. Karlmennt og þeir sem eldri eru telja tekjumun vera ásættanlegan, auk þess sem tekjuhærri einstaklingar eru líklegri til að sýna meira umburðarlyndi. Gögnin veita takmarkaðan stuðning við þriðju skýringuna. Lítið er hægt að fullyrða um samband á milli umburðarlyndis fyrir tekjumun og tækifæristrú nema þá í tengslum við mikilvægi fjölskylduauðs.

**LYKILORD:** Ójöfnuður – Umburðarlyndi – Tækifæristrú – Hindranir – Viðhorf – Lögmati – Verðleikaræði

**ABSTRACT:** Increased benefits have, to a large extent, been limited to a small elite, while the majority have suffered stagnant or declining incomes, contributing to rising inequality. Despite the common belief that widening income disparity in society is too great, there is no indication of rising public concern over the issue, and inequality is even considered, to some extent, desirable. Research has suggested that three explanations may lie behind this paradox. Firstly, people have a strong propensity to

perceive the dominant social order as default; as a result, their perceptions of the desirable income gap do not diverge significantly from their perceptions of the existing income disparity. Secondly, inequality benefits those who consider themselves to have a good social status. Thirdly, it may be that widespread meritocratic opportunity beliefs encourage people to consider that the status of individuals in society is largely earned, and therefore a significant difference in income is seen as fair and just. The validity of these explanations is assessed by looking at data from the Icelandic Social Science Survey (ISS) from the year 2020. The results clearly support the first explanation. A strong relationship emerges between tolerance for large income gaps and the experience of actual income gaps; individuals consider a greater income gap to be desirable as they consider the actual income gap to be greater. The second explanation is also supported. Men and those who are older consider greater income differences to be acceptable, and those with higher incomes are more likely to tolerate greater income differences. The data provides little support for the third explanation. Little can be said about the relationship between tolerance for inequality and opportunity beliefs, except perhaps in the context of the importance of family wealth.

**KEYWORDS:** Inequality – Tolerance of inequality – Opportunity beliefs – Opportunity barriers – Perceptions – Legitimation of inequality – Meritocracy

## Inngangur

Fræðimenn hafa lengi velt fyrir sér spurningum um réttlæti og félagslegt misrétti (Jost og Banaji, 1994; Wilkinson og Pickett, 2019; Shariff o.fl., 2016). Þeir hafa leitast við að finna skýringar á því hvernig og hvers vegna samfélagskerfi, sem virðist hvorki þjóna né gagnast meirihlutanum, sé viðhaldið (Schneider og Castillo, 2015; Du og King, 2022). Rannsóknir á viðhorfum til ójöfnuðar hafa leitt í ljós að einstaklingar í samfélögum er búa við mikinn ójöfnuð hafa oft minni áhyggjur af tekju-ójöfnuði en þeir sem búa við sanngjarnari aðstæður, er gefur til kynna annað hvort umburðarlyndi og/eða lögmæti efnahagslegs ójöfnuðar (García-Castro o.fl., 2020; Gimpelson og Treisman, 2018).

Fræðimenn hafa reynt að varpa ljósi á þessa þversögn og sett fram ýmsar skýringar á umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði. Í fyrsta lagi hefur fólk sterka tilhneigingu til að upplifa ríkjandi skipulag sem óhjákvæmilegt og venst þannig ójöfnuðinum með því að þróa með sér aðlögunarhæfni (Trump, 2018). Í öðru lagi, vill hluti almennings ekki útrýma ójöfnuði að fullu vegna sjónarmiða eiginhagsmuna; þeir sem tilheyra efri stéttum samfélagsins líta oft á ójöfnuð sem lítið vandamál þar sem ríkjandi kerfi er þeim í hag (Kteily, Sheehy-Skeffington og Ho, 2017). Í þriðja lagi er ójöfnuður umborinn vegna hugmyndafræði sem tengist verðleikahyggju (e. *meritocracy*) (Jón Gunnar Bernburg og Sigrún Ólafsdóttir, 2023; Mijs, 2019; Mijs, 2021; Markovits, 2019). Skoðað var hvort þessar skýringar eigi sér stoð í íslensku samhengi. Spurningu sem varpað er fram: *er umburðarlyndi einstaklinga í samræmi við trú þeirra á jöfnum tækifærum? Eða hafa aðrir áhrifavaldar, svo sem huglæg skynjun á ójöfnuði eða eiginhagsmunir, meira vægi?*

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort jákvæð fylgni sé á milli æskilegs tekjumunar og upplifunar á raunverulegum tekjuójöfnuði, auk þess að meta hvort framangreindar skýringar hafa áhrif á umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði á meðal Íslendinga. Mikilvægi þess að rannsaka tiltekið málefni í íslensku samhengi er þrjúþætt. Í fyrsta lagi hafa margar rannsóknir verið gerðar til að varpa ljósi á ójöfnuð á Íslandi, en fáar hafa lagt áherslu á lögmætan ójöfnuð og hugsanlegt umburðarlyndi gagnvart honum. Í öðru lagi hafa fáar rannsóknir einblínt á mögulega fylgni milli tækifærisháttar og umburðarlyndis gagnvart ójöfnuði, þrátt fyrir umfangsmikla alþjóðlega fræðiumfjöllun um mál-

efnið. Að lokum hafa flestar rannsóknir byggst á samanburði milli þjóða, en þessi rannsókn tekur einstaklingsbundið sjónarhorn, og þar með tillit til þess að einstaklingar hafa mismunandi og án efa hlutdræg viðhorf til launaójöfnuðar (Kuhn, 2019).

Rannsóknin byggir á Íslensku Félagsvísindakönnuninni (ISS) frá árinu 2020, sem er hluti af Alþjóðlegu viðhorfakönnuninni (International Social Survey Programme, ISSP), samstarfsverkefni 46 þjóða sem miðar að því að framkvæma staðlaðar og samanburðarhæfar rannsóknir á sviði félagsvísinda. Með því að nýta nýleg og áreiðanleg gögn er unnt að kanna tengslin á milli umburðarlyndis og upplifun á raunverulegum ójöfnuði, sem og hvort þættir á borð við viðhorf til tækifæra eða félags- og efnahagsleg staða hafi áhrif á afstöðu fólks til tekjuójöfnuðar. Rannsóknin stuðlar að dýpri þekkingu á þessu sviði og gæti veitt frekari innsýn í ólík birtingarform ójöfnuðar í íslensku samhengi.

## Fræðilegt samhengi:

### Umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði og tækifæristrú

#### Umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði

Fjöldmargar félagsfræðilegar kenningar, allt frá virknihyggju til klassísks marxisma, hafa leitast við að útskýra hvers vegna einstaklingar samþykki og jafnvel réttlæti úthlutunarkerfi (e. *distribution system*) sem viðheldur efnahagslegum ójöfnuði (Davis og Moore, 1944; Kerbo, 1983). Samkvæmt virknihyggju er ójöfnuður nauðsynlegur til að tryggja umsvif samfélagsins; hann undirstrikar hugmyndina um að þeir hæfustu nái betri árangri, á meðan þeir sem leggja minna á sig beri ábyrgð á eigin stöðu vegna skorts á getu eða metnaði (Kluegel og Smith, 1986; Parsons, 1959). Á hinn bóginn lítur klassískur marxismi svo á að efnahagslegur ójöfnuður sé sprottinn af félagslegum aðstæðum, líkt og misskiptingu gæða og kerfisbundnu misrétti (Kastrinou-Theodoropoulou, 2009; Schneider og Castillo, 2015). Í fræðilegri umræðu hafa viðhorf til ójöfnuðar gjarnan verið sett fram sem afleiðing þessara tveggja andstæðra nálgana: annars vegar að einstaklingurinn beri sjálfur ábyrgð á félagslegri stöðu sinni, og hins vegar að úthlutanarkerfi þ.e. samfélagsgerð og stofnanir skapi misrétti með ójöfnum tækifærum (Mijs, 2023). Þessar andstæðu nálganir gefa þó einungis einfalda mynd af fyrirbæri sem er í eðli sínu flókið og margþætt.

Rannsóknir sýna að bæði einstaklingsbundnir þættir og stofnanalegt samhengi geti haft áhrif á hversu mikið fólk umberi efnahagslegan ójöfnuð (Arsenio, 2018). Þegar fjallað er um félagslegt umburðarlyndi, má styðjast við þrjár meginskýringar fyrir réttlætingu ójöfnuðar. Samkvæmt fyrstu skýringu, leitast einstaklingar við að hámarka persónulegan ávinning í efnahagslegum samskiptum er stýrir að miklu leyti hegðun þeirra (Trump, 2020). Út frá þessu sjónarhorni má ætla að þeir sem búa við betri félagslega og efnahagslega stöðu eru því líklegri til að líta á tekjuójöfnuð sem réttlátan, enda staðfestir hann þá forréttindastöðu sem þeir búa við (Wei, 2022). Önnur skýring, býður hins vegar upp á víðtækara sjónarhorn til að skýra breytileika í umburðarlyndi fólks gagnvart ójöfnuði, sem og mismunandi viðhorf milli landa og svæða (Chernilo og Raza, 2022). Samkvæmt þessari nálgun hafa einstaklingar sterka tilhneigingu til að upplifa samfélagið og félagsgerðina sem náttúrulega og sjálfgefna (Jost, Gaucher og Stern, 2015). Þetta dregur úr líkum á að fólk íhugi kerfisbreytingar eða ímyndi sér annað samfélagslegt skipulag en það sem er ríkjandi. Þannig verða samfélagskipan og viðtekin gildi hluti af siðferðilegri sýn fólks, og æskilegur tekjumunur í huga einstaklinga samsvarar þá oft þeim tekjuójöfnuði sem þeir búa við í raun (Jón Gunnar Bernburg og Sigrún Ólafsdóttir, 2023). Að lokum er leitast við að útskýra hvers vegna réttlætiskennd einstaklinga er breytileg eftir félagslegum aðstæðum (Wei, 2022), með hliðsjón af bæði innri og ytri þáttum. Annars vegar það að einstaklingar séu ávallt þátttakendur í stofnanalegum ramma, þar sem sameiginleg viðmið, gildi og menningarlegar venjur móta viðhorf og hegðun (Meyer og Scott, 1983). Þessi menningarlegi rótgróni rammi hefur því mótandi áhrif á hvað telst réttlátt og eðlilegt í samfélaginu. Hins vegar að skynjun fólks á tekjuójöfnuði er ekki eingöngu tilkomin af ytri samfélagslegum þáttum heldur einnig af sjálfsmati. Einstaklingar bera saman eigin stöðu við félagsleg viðmið og væntingar. Ef þeir

upplifa að staða þeirra, bæði hvað varðar tekjur og aðgang að gæðum, standist ekki ríkjandi félagsleg viðmið, eykst upplifun á óréttlæti (Liu og Tian, 2017; Wei, 2022).

Ofangreindar skýringar hafa skapað grundvöll til þess að greina breytileika í umburðarlyndi gagnvart tekjudreifingu. Þó ber að hafa í huga almenningsálit er fellur utan forsenda ofangreindra kenninga; eiginhagsmuna, félagslegra viðmiða um lögmæti eða huglægan samanburð á væntingum um lífskjör og stöðu.

### Lögmæting ójafnaðar og tækifæristrú

Misrétti í dreifingu á bæði áþreifanlegum og táknrænum gæðum, þar sem fámennur forréttindahópur nýtur óhóflegs hlutfalls af fjármagni og verðmætum auðlindum, hefur verið eitt af megin einkennum samfélaga í mannkynssögunni (García-Castro o.fl., 2020; Hauser og Norton, 2017). Þrátt fyrir fjölmargar skaðlegar afleiðingar félagslegs og efnahagslegs ójöfnuðar, líkt og versnandi heilsufar, bág lífskjör, sóun mannauðs og veikari félagslega samheldni (Wilkinson og Pickett, 2019; Pickett og Wilkinson, 2015) benda rannsóknir til þess að skortur sé á verulegri andstöðu meðal almennings, og jafnvel að finna megi ákveðið samþykki fyrir slíku fyrirkomulagi (García-Sánchez o.fl., 2019; Hack og Sieweke, 2018). Ójöfnuður hefur verið réttlættur með þeim rökum að hann sé nauðsynlegur til að örva fjárfestingu í mannauði, umbuna fyrir framtakssemi og hvetja hæfileikaríka einstaklinga til að nýta getu sína til fulls (Jost, 2019; Wisman og Smith, 2011). Þessi hugmyndafræði öðlast þannig lögmæti undir því yfirskini að vera jákvæður drifkraftur, réttmæt afleiðing einstaklingsbundinna eiginleika og framlags.

Það sem getur skýrt þá óbeinu viðurkenningu á kerfi er stuðlar að áframhaldandi misrétti og annarri félagslegri undirskipun, eru svonefnd kerfisréttlættingarviðhorf. Slík viðhorf mótaskast að verulegu leyti af trú á verðleikahyggju (Roex o.fl., 2019; Bartram, 2023). Verðleikahyggja er grundvallarstef í vestrænni samfélagsgerð og gegnir lykilhlutverki í mótun skilnings á félagslegu réttlæti og skiptingu gæða. Fyrir marga er slíkt kerfi einskonar birtingarmynd jafnréttis; þar sem hver einstaklingur hefur í grunninn til jafna möguleika til að ná árangri á eigin forsendum. Samkvæmt skilgreiningu Mithaug (1996) felst slíkt jafnrétti í því að allir einstaklingar eigi jafnan og réttlátan möguleika til að ná markmiðum sínum og njóta aðgengis að helstu gæðum samfélagsins, óháð kyni, kynþætti, þjóðerni eða öðrum félags- eða efnahagslegum einkennum.

Viðhorf almennings til ójöfnuðar eru þó oft flókin og mótsagnakennd (McCall, 2013; Breznau og Hommerich, 2019; Trump, 2020). Fræðimenn hafa sýnt fram á að ýmsar hindranir, einkum félagslegar og efnahagslegar móta bæði viðhorf fólks til ójöfnuðar og trú þeirra á félagslegum hreyfanleika (Cruces, Perez-Truglia, og Tetaz, 2013; Guðmundur Ævar Oddsson og Jón Gunnar Bernburg, 2018; Gimpelson og Treisman, 2018). Þótt félagslegt samhengi hafi áhrif á vægi einstakra hindrana í huga fólks, hefur verið sýnt fram á að í samfélögum þar sem hugmyndafræði verðleikahyggju er ráðandi, er ójöfnuður almennt talinn réttlátur (Roex o.fl., 2019). Nýlegar rannsóknir benda jafnframt til þess að trú á verðleikahyggju eykst samfara vaxandi ójöfnuði og þjónar þannig sem hugmyndafræðilegur grundvöllur aðlögunar og samþykkis misskiptra gæða (Mijs, 2021; Batruch o.fl., 2023; Bartram, 2023; Schröder, 2016; Trump, 2018). Verðleikahyggja kann því að hafa skaðlegar afleiðingar, eins og fræðimenn hafa sýnt fram á, þar sem ekki allir hafi jafna möguleika á að nýta sér þá velgengni sem kerfið býður upp á (Markovits, 2019; García-Sierra, 2023).

### Íslenska samhengið

Íslenskt samfélag er á margan hátt einstakt. Þrátt fyrir ríkulega arfleifð frá miðöldum og víkingatímum er Ísland tiltölulega ungt samfélag sem ber einkenni svokallaðra „nýrra samfélaga“ eða landnámssamfélaga. Þetta gefur til kynna að sögulegar aðstæður og atburðir hafi gegnt mikilvægu hlutverki í menningarmótun og að viðkomandi þættir hafi enn áhrif í samtíma (Stefán Ólafsson, 2003). Þjóðir er falla undir þessa skilgreiningu, líkt og Ástralía, Bandaríkin og Kanada, eiga það sameiginlegt að hafa þróað með sér sértæka landnámsmenningu þar sem rík áherslu er lögð á ein-

staklingshyggju, sjálfstæði og jafnrétti (Lipset, 1973; Guðmundur Ævar Oddsson, 2011). Sigurjón Björnsson og Edelstein (1977) telja að þessir grunnþættir leiði til innri mótsagnar milli menningar og félagslegrar uppbyggingar, þar sem menningin felir og hafni þeim ójöfnuðareinkennum sem samfélagsgerðinni eru eiginleg (Stefán Ólafsson, 1982).

Hugsjón um jafnrétti þegnanna er ein af grunnstoðum íslenskrar menningar; trúin á að samfélagið sé almennt réttlátt, að tekjumunur sé hóflegur og að allir hafi jöfn tækifæri (Þórólfur Þórlindsson, 1988; Jón Gunnar Bernburg og Sigrún Ólafsdóttir, 2011). Það eru eflaust fáar þjóðir í heiminum þar sem hugmyndin um jafnrétti þegnanna eru haldið jafn ástríðufullt á lofti og á Íslandi. Jöfnuður, hefur lengi verið talinn ein helsta táknmynd íslensks samfélags og þeirra hugsjóna sem við viljum standa fyrir (Þórbjörn Broddason og Webb, 1975; Magnús Torfason o.fl., 2017). Þótt félags- og efnahagslegur ójöfnuður sé tiltölulega lítill í alþjóðlegum samanburði þá hafa fræðimenn bent á að hann hafi ávallt verið til staðar (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Það er óumdeilanlegt að íslenskt samfélag búi í raun við talsverðan ójöfnuð þegar kemur að stöðu, aðgengi að tækifærum og völdum, einkum í tengslum við tengslanet og fjölskyldubönd (Stefán Ólafsson, 1982; Magnús Torfason o.fl., 2017; Sigrún Ólafsdóttir og Jón Gunnar Bernburg, 2023). Fjöldi rannsókna sem gerðar hafa verið á Íslandi hafa dregið fram mismunandi birtingarmyndir ójafnaðar (Dóra S. Bjarnason, 1974; Þórbjörn Broddason og Webb, 1975; Guðmundur Ævar Oddsson, 2016; Hervör Alma Árnadóttir og Soffía Hjördís Ólafsdóttir, 2019; Ólafsson, 2022), félagslegrar lagskiptingar og ójafnvægis milli valdastétta og hinna almennu borgara (Magnús Torfason o.fl., 2017).

Í nýlegri rannsókn á viðhorfum Íslendinga til félagslegs réttlætis og ójöfnuðar kom í ljós að 80% þátttakenda töldu tekjumun á Íslandi „of mikinn“ og að ójöfnuður væri viðvarandi vegna þess að auðugir og valdamiklir nytu góðs af því að viðhalda honum (Alma Mjöll Ólafsdóttir, 2023). Þrátt fyrir þessa afstöðu virðist almenningur ekki vilja útrýma ójöfnuði að fullu og álitur hann jafnvel nauðsynlegan. Jafnframt taldi meirihluti svarenda að persónulegar aðstæður þeirra væru réttlátar, þrátt fyrir að skynja félagslegt óréttlæti í þjóðfélaginu (Jón Gunnar Bernburg og Sigrún Ólafsdóttir, 2023). Í ljósi vaxandi ójöfnuðar (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017; Berglind Hólm Ragnarsdóttir, o.fl., 2024; Kristín Heba Gísladóttir og Sóllilja Bjarnadóttir, 2025) og minnkandi trúverðuleika jafnréttishugsjóna í íslensku samfélagi (Guðmundur Ævar Oddsson, 2011), er mikilvægt að rannsaka viðhorf Íslendinga til ójöfnuðar nánar.

## Rannsóknarspurning og tilgátur

Í samræmi við fyrri rannsóknir og kenningar eru settar fram eftirfarandi tilgátur:

Umburðarlyndi gagnvart tekjuójöfnuði eykst samhliða raunverulegum ójöfnuði (Castillo, 2011; Schröder, 2016; Boudreau og MacKenzie, 2018). Slík réttlætning ríkjandi kerfa (e. *system justification*) hvetur einstaklinga til að líta á samfélagskerfið sem réttlátt og eðlilegt, og túlka “það sem er” sem “það sem ætti að vera” (Trump, 2020). Fyrsta tilgátan (T1) er því sú *að skynjun á raunverulegum ójöfnuði móti umburðarlyndi Íslendinga gagnvart ójöfnuði*.

Þó skynjun á raunverulegum ójöfnuði sé grundvallar breyta, þá dugar hún ekki ein og sér til að útskýra viðhorf almennings. Rannsóknir hafa sýnt fram á að sterk trú á verðleikahyggju eykur umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði, jafnvel meðal þeirra sem búa við veikari stöðu (Ledgerwood o.fl., 2011; Amis, Mair, og Munir, 2020). Þar sem verðleikahyggja er ríkjandi á Íslandi (Guðmundur Ævar Oddsson, 2011), er sett fram önnur tilgáta (T2): *þeir sem trúa á verðleikahyggju eru líklegri til að réttlæta og umbera ójöfnuð*.

Íslendingar líta gjarnan á sig sem „millistéttarþjóð“, sem endurspeglar bæði einsleita þjóðfélagsgerð og þá mýtu að stéttaskipting hafi lengi verið lítt áberandi hér á landi samanborið við önnur Vesturlönd (Guðmundur Oddsson, 2020). Þessi sjálfsmýnd birtist meðal annars í viðhorfinu að „við séum öll á sama báti“ (Hulda Þórisdóttir, 2010). Ef sjálfsmat stenst ekki félagslegar væntingar getur fólk upplifað stöðu sína og aðgang að gæðum sem ósanngjarna (Liu og Tian, 2017). Flestar rannsóknir benda til þess að einstaklingar í efri stéttum, bæði efnahagslega og félagslega, séu líklegri til

að réttlæta eigin stöðu með vísan í verðleika, og því umbera fremur ójöfnuð (Kteily, Sheehy-Skeffington og Ho, 2017; McCoy og Major, 2007). Þeir sem tilheyra lægri lögum samfélagsins eru aftur á móti líklegri til að efast um réttmæti ójöfnuðar, sérstaklega þar sem verðleikahyggja er ríkjandi (Roex o.fl., 2019). Þriðja tilgátan (T3) byggir á þessu samhengi: *Þeir sem tilheyra efri stéttum sýna frekar umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði, á meðan þeir sem tilheyra lægri stéttum eru líklegri til að sýna andstöðu.*

Skilningur fólks á félagslegri lagskiptingu hefur ennfremur áhrif á það hvernig ójöfnuður er skynjaður og réttlættur (Bucca, 2016). Menntun gegnir lykilhlutverki í viðhorfi til ójöfnuðar (Yamamura, 2017; Niemelä, 2008). Í samfélögum þar sem verðleikhyggja er ríkjandi, eru lágar tekjur og skortur á menntun oft túlkuð sem merki um skerta hæfni eða framtaksleysi, á meðan há menntun og háar tekjur eru tengdar við dugnað og verðleika (Kampen o.fl., 2013). Í slíkum aðstæðum getur menntun aukið líkur á því að einstaklingur réttlæti og umberi ójöfnuð, meðal annars til að vernda eigin stöðu eða forréttindi (Almás, Cappelen og Tungodde, 2020; Osberg og Smeeding, 2006; Larsen, 2016). Fjórða tilgátan (T4) er því sú að *þeir sem búa yfir meiri menntun eru líklegri til að sýna umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði.*

Viðhorf til ójöfnuðar mótask einnig af því hvernig fólk upplifir þær félagslegu hömlur sem tengjast eigin stöðu. Rannsóknir hafa sýnt fram á að félagslega jaðarsettir hópar, líkt og konur og minnihlutahópar, upplifa fremur ósveigjanleika, skerta möguleika og hindranir og eru því líklegri til að finnast samfélagið bera ábyrgð á óréttlætri stöðu sinni (Kluegel og Smith, 1982; Bucca, 2016). Þrátt fyrir að Ísland standi framarlega í jafnréttismálum, jafngilda jöfn réttindi ekki endilega raunverulegu jafnrétti (Guðmundur Ævar Oddsson og Jón Gunnar Bernburg, 2018; Sigríður H. Elínardóttir, 2023). Í þessu samhengi er fimmta tilgátan (T5) sú að *karlar eru líklegri en konur til að umbera og réttlæta ójöfnuð.*

Þrátt fyrir að félagslega jaðarsettir einstaklingar séu taldir veita ójöfnuði og öðru félagslegu misrétti meiri mótstöðu, benda rannsóknir til þess að minnihlutahópar hafi tilhneigingu til að tileinka sér ríkjandi viðhorf. Þetta leiðir til réttlætningar á eigin undirskipun, meðal annars með því að aðlagast neikvæðum staðalmyndum eða hafna tilvist kerfisbundinnar mismunar (Kraus o.fl., 2019; Knowles og Lowery, 2012). Sjötta tilgátan (T6) sem er þar að leiðandi sett fram er sú að *einstaklingar af erlendum uppruna eru líklegri til að sýna ójöfnuði umburðarlyndi.*

Að lokum hafa rannsóknir bent til þess að væntingar fólks um möguleika á félagslegum hreyfanleika geti haft áhrif á viðhorf þeirra til ójöfnuðar í samfélaginu (Shariff, Wiwad og Akinin, 2016; Cojocar, 2014). Svokölluð tilgáta um væntanlegan félagslegan hreyfanleika (e. *prospect of upward mobility hypothesis*) gerir ráð fyrir að einstaklingar sem telja sig eiga raunhæfa möguleika á að bæta eigin stöðu í nánustu framtíð séu líklegri til að sætta sig við ójöfnuð í nútíma (Manza og Brooks, 2020; Alesina og Ferrara, 2005). Aldur hefur í þessu samhengi reynst lykilmeyra, þar sem yngri kynslóðir eru gjarnan bjartsýnni á framtíðina og telja sig betur í stakk búin til að aðlagast breyttum samfélagsskilyrðum (Elenbaas, 2019; Larsen, 2016; Bucca, 2016). Sjöunda tilgátan (T7) er því sú að *því yngri sem einstaklingur er, þeim mun líklegri er hann til að umbera ójöfnuð.*

## Gögn og aðferð

Rannsóknin byggir á Íslensku félagsvísindakönnuninni frá árunum 2019 og 2020, sem fjallar um viðhorf til félagslegs ójöfnuðar. Íslenska félagsvísindakönnunin er hluti af Alþjóðlegu viðhorfskönnuninni (ISSP). Auk hefðbundinna ISSP-spurninga inniheldur íslenska könnunin viðbótaspurningar sem dýpka gagnasafnið enn frekar, meðal annars hvað varðar félagslegan samanburð, huglægt óréttlæti og birtingarmyndir auðmagns. Þýðið samanstendur af öllum Íslendingum 18 ára og eldri sem ekki búa á stofnunum. Alls bárust 1.227 gild svör.

Tafla 1 gefur yfirlit yfir helstu breytur rannsóknarinnar, ásamt meðaltali og staðalfrávikum hvers mælikvarða. Dreifing breytanna telst fullnægjandi þar sem staðalfrávikin eru öll yfir 0,5 að undanskildri breytunni er mælir þjóðerni (Healey, 2015).

1.130 þátttakendur gáfu svör við því hve mikinn tekjumun þeir telja sanngjarnan. Meðaltalið fyrir umborinn tekjumun er 0,420 og er það logragildi (e. *logged*). Til að túlka niðurstöðuna á óloggskráðu formi (e. *non-logged*) þarf að umbreyta gildinu með því að taka svokallað vænt gildi (e. *exponent*) þess (Schröder, 2017). Meðaltalið 0,420 samsvarar því = 1,52, sem þýðir að samkvæmt meðalþátttakanda ættu þeir sem gegna hátekjustörfum að fá 1,52 sinnum hærri laun en ófaglærðir starfsmenn. Vert er að taka fram að ef svarendur telja að hátekjustörf eigi að vera lægra launuð en ófaglærð störf, getur loggskráð gildi orðið neikvætt (Schröder, 2017). Í gagnasafninu sést að lægsta gildið fyrir umborinn ójöfnuð er -0,748, sem jafngildir því að viðkomandi vill að hátekjuhópur fái = 0,47 af því sem ófaglærður starfsmaður fengi. Á hinn bóginn gefur hæsta gildið, 1,54 til kynna að einhver telur réttlátt að hátekjustéttir fái = 4,66 sinnum hærri laun en ófaglærðir.

**Tafla 1.** Lýsandi tölfræði fyrir allar breytur

	Meðaltal	Staðalfrávik	Lágmarksgildi	Hámarksgildi
<b>Umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði</b>				
Ætti að þéna	0,420	0,210	-0,748	1,54
<b>Ríkjandi skipulag sjálfsagt.</b>				
<i>Skynjaður raunverulegur ójöfnuður</i>				
Þéna í raun	0,671	0,245	-0,681	2,33
<b>Eiginhagsmunir</b>				
<i>Lýð-og atvinnustaða</i>				
Aldur	50,3	17,3	18	98
Kyn	1,50	0,500	1	2
Menntun	0,424	0,500	0	1
Þjóðerni	0,964	0,197	0	1
Atvinnustaða	0,674	0,469	0	1
Heimilistekjur	169	683270	0	3900000
Fjöldi á heimili	2,58	1,48	1	9
<b>Verðleikahyggja</b>				
<i>Tækifæristrú</i>				
Fjölskylduauður	2,59	0,967	1,00	5,00
Tengslanet	3,34	0,938	1,00	5,00
Pólítísk tengsl	2,60	0,995	1,00	5,00
Dugnaður	4,16	0,724	1,00	5,00
Kyn	2,06	1,03	1,00	5,00
Kynþáttur	2,12	1,04	1,00	5,00

## Mælitæki

### Umburðarlyndi gagnvart tekjujöfnuði

Háða breytan í þessari rannsókn er umburðarlyndi gagnvart tekjujöfnuði. Þótt hægt sé að mæla slíkt viðhorf með ólíkum hætti, hafa fjölmargar rannsóknir stuðst við aðferð Alþjóðlegu viðhorfskönnunarinnar (ISSP), þar sem umburðarlyndi er metið út frá samanburði á „réttmætum tekjum“ (e. *due income*) lág- og hátekjustétta (Headey, 1991; Kelley og Zagorski, 2005; Heiserman og Simpson, 2021). Í þessari rannsókn var stuðst við aðferðafræði Schröders (2017) þar sem viðhorf til tekjujöfnuðar eru metin út frá því hversu mikið fólk telur að læknar og forstjórar stórfyrirtækja eigi að þéna, í samanburði við ófaglærða verkamenn. Til að búa til samanburðarhæfan kvarða og tryggja línuleika (e. *linearity*), voru gildin loggskráð í samræmi við fyrri rannsóknir (sjá Schröder, 2017; Jasso o.fl., 2016; García-Sánchez, 2019).

### Ríkjandi skipulag sjálfsagt: Skynjaður raunverulegur ójöfnuður

Samkvæmt Jasso (1978, 2007) má meta viðhorf til ójöfnuðar með því að reikna hlutfallið milli þeirra tekna sem einstaklingar telja að aðrir hafi og þeirra tekna sem þeir telja að þeir ættu að hafa. Í þessari rannsókn er slík skynjun skilgreind sem „skynjaður raunverulegur ójöfnuður“ og er hún mæld á sambærilegan hátt og háða breytan, með því að bera saman mat á raunverulegum tekjum heimilislæknis og forstjóra stórfyrirtækis við ófaglærðan verkamann. Þannig endurspeglar breytan hvernig fólk metur tekjumun, óháð því hvort hann sé talinn réttmætur eða ekki.

Líkt og kemur fram í töflu 1. er meðaltalið fyrir skynjaðan raunverulegan ójöfnuð (“Þénar í raun”) 0,671, sem samsvarar hlutfallinu = 1,96. Þetta bendir til þess að þátttakendur skynja að hátekuhópar hafi að meðaltali 1,96 sinnum hærra laun en ófaglærðir verkamenn. Þegar þessi niðurstaða er borin saman við meðaltal fyrir umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði, sést að þátttakendur skynja meiri raunverulegan ójöfnuð en þeir telja réttmætan. Slíkt misræmi milli þess sem fólk telur að sé og því sem það telur að ætti að vera, veitir mikilvægar upplýsingar um viðhorf til ríkjandi skipulags (Schneider og Castillo, 2015).

Í samræmi við fyrstu fræðilegu skýringuna á umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði má túlka skynjaðan raunverulegan ójöfnuð sem mælingu á því hve sterk tilhneiging fólks er til að líta á ríkjandi skipulag sem sjálfsagt.

### Eiginhagsmunir: Lýð-og atvinnustaða

Við greiningu gagna var tekið mið af fjölbreyttum lýðfræðilegum þáttum sem rannsóknir hafa sýnt að geti haft áhrif á viðhorf til ójöfnuðar (Guðmundur Ævar Oddsson and Jón Gunnar Bernburg, 2018; Alves and Rossi, 1978). Stjórnað var fyrir aldri, kyni (kona = 1), uppruna (þ.e. hvort einstaklingur sé af erlendum uppruna), og fjölda einstaklinga á heimili. Einnig var skoðað atvinnustöðu einstaklinga, þar sem greint er á milli þess að vera í fullu starfi (notað til samanburðar), í hlutastarfi, atvinnulaus, á eftirlaunum, á örorka, í námi og annað. Einnig var tekið tillit til menntunar og heimilistekna. Menntun var mæld sem tvígild breyta þar sem háskólagráða (1) og aðrir (0).

Þó að um sé að ræða breytur sem eru notaðar fyrst og fremst til stjórnunar í greiningunni, má líta á sumar þeirra, einkum menntun, kyn, tekjur, og atvinnustöðu, sem sterkar vísbendingar um eiginhagsmuni; ein af þremur meginskýringum á umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði. Þannig er tekið tillit til þess að einstaklingar meta réttmæti og ásættanleika ójöfnuðar í ljósi eigin stöðu og möguleika innan félagslega stigveldisins. Eiginhagsmunaskýringin nær þó einnig til víðari þátta er endurspeglar félags- og sálfræðilega upplifun einstaklinga af stöðu sinni og framtíðarmöguleikum. Í því samhengi má túlka tilgátur er tengjast einna helst þjóðernisuppruna og væntingum um félagslegan hreyfanleika sem mismunandi viddir eiginhagsmuna, þar sem bæði raunveruleg staða og huglægar væntingar geta haft áhrif á viðhorf til ójöfnuðar.

### Verðleikahyggja: Tækifæristrú

Í fræðilegri umfjöllun hefur verið algengt að meta viðhorf til verðleikahyggju með því að láta þátttakendur meta hversu mikilvægir mismunandi eiginleikar, bæði verðleikabundnir (t.d. dugnaður) og óverðleikabundnir (t.d. kynþáttur) eru til að ákvarða félagslega stöðu einstaklinga (Bucca, 2016; Larsen, 2016; Roex, 2019). Í þessari rannsókn var stuðst við svipaðar mæliaðferðir og hjá Roex (2019), þar sem þátttakendur mátu mikilvægi sex þátta: að þekkja rétta fólkið, pólitísk sambönd, fjölskylduauður, dugnaður, kyn og kynþáttur. Þættirnir voru mældir á fimm punkta kvarða frá „alls ekki mikilvægt“ (1) til „nauðsynlegt“ (5). Mat á dugnaði, frekar en menntun, var notað sem mælikvarði á verðleikahyggju, þar sem menntun endurspeglar gjarnan félagslegan bakgrunn fremur en raunverulegan verðleika (Bozick o.fl., 2010; Mijs, 2022).

## Niðurstöður

Í aðhvarfsgreiningunni eru notaðar þrjár jöfnur þar sem frumbreytum er bætt inn í líkanið í þrepum. Slík framsetning gerir kleift að meta hvernig líkanið breytist marktækt þegar fleiri breytum er bætt við.

**Tafla 2.** Niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir breytuna umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði

	Líkan 1	Líkan 2	Líkan 3
	B(Staðalvilla)	B(Staðalvilla)	B(Staðalvilla)
<b>Eiginhagsmunir</b>			
Kyn	-0,052**(-0,254)	-0,050**(-0,248)	-0,045**(-0,221)
Aldur	0,003**(-0,277)	0,001*(0,091)	0,001**(-0,102)
Þjóðerni	-0,042(-0,207)	-0,040(-0,196)	-0,033(-0,164)
Menntun	-0,006(-0,030)	-0,007(-0,038)	-0,006(-0,027)
Atvinnustaða	0,009(0,045)	0,016(0,082)	0,015(0,076)
Heimilistekjur	4,61**(-0,156)	3,13**(-0,106)	3,18**(-0,108)
Fjöldi á heimili	0,001(0,008)	0,002(0,019)	0,002(0,014)
<b>Ríkjandi skipulag sjálfsgt</b>			
Skynjaður raunverulegur ójöfnuður	--	0,451**(-0,522)	0,453**(-0,526)
<b>Verðleikahyggja</b>			
Fjölskylduauður	--	--	0,014*(0,063)
Tengslanet	--	--	0,008(0,036)
Pólítísk tengsl	--	--	-0,009(-0,043)
Dugnaður	--	--	0,013(0,048)
Kynþáttur	--	--	-0,009(-0,047)
Kyn	--	--	-0,006(-0,030)
Leiðrétt heildarskýring líkansins	0,0998	0,3369	0,3424

\*P<0,05; \*\*P< 0,01

Líkt og tafla 2 sýnir, skýra breytur sín fellt meira af dreifingu fylgibreytunnar með hverri jöfnu, úr 9,9% í 33,7% og að lokum í 34,2% þegar stjórnað er fyrir öllum breytunum. Niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar sýna þó að ekki hafa allar frumbreytur marktæk áhrif á umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði.

Í fyrsta líkani voru einungis bakgrunnsbreytur teknar með: kyn, aldur, þjóðerni, menntun, atvinnustaða, heimilistekjur og fjöldi á heimili. Heildarskýringarmáttur líkansins var 0,0998, sem þýðir að þessar breytur skýra um 10% af dreifingu í umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði. Þegar breytunni um (skynjaðan) raunverulegan ójöfnuð var bætt við, jókst skýringarmáttur líkansins marktækt í um 33,7%. Í síðasta líkani var bætt við breytum sem tengjast viðhorfum til tækifærishindrana, sem jók heildarskýringarmátt líkansins lítillega í 0,3424. Þetta þýðir að samanlagt skýra breytur 34,2% af dreifingu í umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði. Með öðrum orðum eru 34,2% færri forspárvillur til staðar ef upplýsingar um kyn, aldur, menntun, þjóðerni, atvinnustöðu, heimilistekjur, (skynjaðan) raunverulegan ójöfnuð og viðhorf til tækifæra eru tiltækar til að spá fyrir um umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði. Líkanið í heild var marktækt og niðurstöðurnar sýna að breytur kyn, aldur, heimilistekjur, raunverulegur ójöfnuður og tækifærishindrunin „fjölskylduauður“ höfðu marktæk áhrif.

Út frá niðurstöðunum sést að kyn hefur marktæk áhrif: karlar eru líklegri til að umbera ójöfnuð, á meðan konur gera það í minna mæli (að meðaltali um 0,045 minna). Þessar niðurstöður samræmast fyrri rannsóknum og svokallaðri „underdog“-tilgátu, þ.e. að konur umbera ójöfnuð síður (EWI, 2023). Einnig kemur fram áhrif aldurs: með hverju aldursári eykst umburðarlyndi lítillega,

eða um 0,001 stig að meðaltali. Þó þessi niðurstaða stangist á við aldurstilgátuna þ.e. að ungt fólk sé bjartsýnni á eigin framgang og því umburðarlyndara gagnvart ójöfnuði, benda rannsóknir til þess að yngri einstaklingar séu almennt næmari fyrir félagslegu óréttlæti, haldi frekar uppi frjálsslyndum skoðunum og séu virkari í að kalla eftir breytingum í samfélaginu (Taylor, 2023; Casey, 2021; Duffy, 2023; Striegler, 2023). Þá kemur skýrt fram að heimilistekjur hafa áhrif. Þegar heimilistekjur einstaklings hækka um eitt gildi eykst umburðarlyndi hans um 3,18 að meðaltali, að teknu tilliti til annarra breyta. Þetta styður þá kenningu að viðhorf fólks til ójöfnuðar endurspeglar að miklu leyti eigin stöðu í samfélaginu, þar sem þeir sem hafa meira að tapa við tekjujöfnun eru líklegri til að réttlæta ríkjandi ástand.

Þegar litið er til tengsla milli umburðarlyndis gagnvart ójöfnuði og viðhorfa til tækifærishindrana, kemur í ljós að aðeins ein hindrun hefur marktæk áhrif: að koma úr auðugri fjölskyldu. Ef mikilvægi þess að koma úr auðugri fjölskyldu hækkar um eitt gildi eykst umburðarlyndi gagnvart launaójöfnuði að meðaltali um 0,014. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að búast hefði mátt við að trú á verðleikahyggju hefði fremur tengst umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði. Rannsóknir sýna þó að í jafnari samfélögum eru þegnar líklegri til að gera sér grein fyrir undirliggjandi félagslegum hindrunum, sem gæti skýrt að hluta þessa niðurstöðu (Mijs, 2022).

Þá kemur fram skýr og marktæk fylgni milli upplifunar á raunverulegum tekjumun og umburðarlyndis gagnvart tekjuójöfnuði. Því meiri sem fólk telur að tekjumunur sé í raun, því líklegri er það til að réttlæta eða samþykkja hann. Fyrir hvert gildi sem skynjaður raunverulegur tekjumunur hækkar, eykst umburðarlyndi að meðaltali um 0,453. Þar sem þessi breyta er mæld á jöfnu öryggisbili (e. *equal-interval*), er einnig gagnlegt að skoða staðlaða hallatölu, sem er 0,526. Þetta þýðir að ef skynjaður ójöfnuður eykst um eitt staðalfrávik, þá eykst umburðarlyndi gagnvart honum um 0,526 staðalfrávik að meðaltali (Healey, 2015).

Óstöðluð hallatala fyrir breyturnar menntun, þjóðerni, atvinnustöðu og viðhorf til tækifæra – þar með talið þættina dugnað, pólitísk tengsl, tengslanet, kyn og kynþátt – reyndust ekki marktækar og verða því ekki teknar til frekari skoðunar. Á grundvelli þessara niðurstaðna er ekki hægt að draga ályktanir um samband þessara þátta við umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði. Því fengu eftirtaldar tilgátur ekki stuðning í gögnum: verðleikahyggjutilgátan (T2), menntunartilgátan (T4), þjóðernis-tilgátan (T6) og aldurstilgátan (T7). Aftur á móti studdu niðurstöðurnar þrjár tilgátur: réttlætning ríkjandi kerfa (T1), stéttartilgátan (T3) og kynjatilgátan (T5).

## Umræður og lokaorð

Fræðilegur áhugi á hvernig almenningur skynjar og réttlætir félagslegan ójöfnuð hefur aukist í takt við vaxandi efnahagslegan mismun (Bucca, 2016; Alverado o.fl., 2017). Rannsóknir hafa ítrekað sýnt að viðhorf til ójöfnuðar mótast ekki einungis af hlutlægum aðstæðum heldur einnig af túlkun einstaklinga á því hvað telst eðlilegt, sanngjarnt eða verðskuldað (Trump, 2020; Castillo, 2011). Íslenskt samfélag er engin undantekning. Þótt ekki sé gerð sérstök grein fyrir lýsandi niðurstöðum hér, veita þær mikilvæga innsýn í hvernig almenningur upplifir íslenskt samfélag. Niðurstöður sýna að mikill meirihluti Íslendinga, eða um 98%, telur dugnað skipta sköpum fyrir velgengni en á sama tíma telja um 84% að þættir líkt og tengsl, auður og pólitísk sambönd hafi skýr áhrif. Þessi tvíráðni undirstrikar mikilvægi þess að skoða hvaða þættir, bæði lýðfræðilegir og hugmyndafræðilegir skýra umburðarlyndi gagnvart tekjuójöfnuði á Íslandi. Nánar tiltekið voru skoðaðar þrjár skýringar sem fræðin hafa lagt til grundvallar: skynjaður ójöfnuður, eiginhagsmunir og trú á verðleikakerfi. Með aðhvarfsgreiningu á gögnum úr Íslensku félagsvísindakönnuninni 2020 var leitast við að meta vægi þessara þátta og varpa ljósi á hvernig þeir endurspeglar í viðhorfum almennings.

Heildarniðurstöðurnar styðja við fyrstu skýringuna, þ.e. að fólk hafi sterka tilhneigingu til að upplifa ríkjandi félagslegt skipulag sem æskilegt. Slík réttlætning byggist á þeirri forsendu að ríkjandi samfélagsskipan sé sanngjarnt og því ekki þörf á breytingum. Því víkja hugmyndir fólks um æskilegt tekjubil sjaldan langt frá því sem það telur raunverulegt tekjubil vera. Greiningin sýnir sterka

jákvæða fylgni milli skynjunar á raunverulegum tekjumun og hversu mikinn tekjuójöfnuð fólk telur réttlætlanlegan. Þessi niðurstaða styður tilgátuna um að fólk aðlagi viðhorf sín að aðstæðum og túlki „það sem er“ sem „það sem ætti að vera.“ Niðurstöðurnar eru í samræmi við fyrri rannsóknir, einkum rannsókn Schröders (2017), sem sýndi að þegar raunverulegur ójöfnuður eykst, er fólk líklegra til að samþykkja hann sem réttlátan.

Þá renna niðurstöðurnar einnig stöðum undir seinni skýringuna varðandi eiginhagsmuni. Í því samhengi gagnast ójöfnuður helst þeim sem njóta betri félagslegrar stöðu og hafa hagsmuni af því að viðhalda ríkjandi kerfi (Sigrún Ólafsdóttir og Jón Gunnar Bernburg, 2023; Bucca, 2016). Rannsóknin sýnir að breytur líkt og tekjur, kyn og aldur hafa marktæk áhrif á umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði. Karlar, eldri þátttakendur og þeir sem búa við hærri heimilistekjur eru líklegri til að álíta stærra tekjubíl réttlátt. Þessar niðurstöður styðja þá tilgátu að umburðarlyndi mótist að hluta til af stöðu fólks í samfélaginu; þeir sem hafa meira félagslegt og efnahagslegt auðmagn virðast umbera ójöfnuð í ríkari mæli. Þetta mynstur er ekki séríslenskt; niðurstöðurnar endurspeglar sambærileg tengsl sem komið hafa fram í alþjóðlegum rannsóknum (Newman o.fl., 2015; Kreidl, 2000; Bucca, 2016; Orford, 2025).

Að lokum var sett fram tilgáta til að kanna þriðju skýringuna, sem felur í sér að hugmyndafræði verðleikahyggju og trú á réttlátt samfélagskerfi stuðli að umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði. Þessi skýring fékk þó ekki viðtækan stuðning í gögnunum. Ekki fundust marktæk tengsl milli viðhorfa til verðleikahyggju eða annarra tækifæraþátta og umburðarlyndis gagnvart ójöfnuði, að undanskildri einni: trú á mikilvægi þess að koma frá ríkri fjölskyldu. Þeir sem töldu fjölskylduauð skipta máli voru líklegri til að umbera ójöfnuð. Þó að þessar niðurstöður bjóði ekki upp á afgerandi stuðning við verðleikahyggjutilgátuna, má engu að síður halda því fram að hluti þeirra samrýmist kenningum um kerfisréttlættingu. Sérstaklega má benda á að þeir sem hafa hærri tekjur sýna meira umburðarlyndi og eru líklegri til að réttlæta stöðu sína með eigin verðleikum, í samræmi við fyrri rannsóknir (Walker, Tepper og Gilovich, 2021; Benabou og Tirole, 2006).

Ekki er hægt að líta framhjá því að rannsóknin hefur ákveðna annmarka, einkum að hér sé um að ræða könnunargreiningu (e. *exploratory analysis*) á tengslum viðhorfa til tekjuójöfnuðar og hugmyndafræði verðleikahyggju. Þrátt fyrir það varpar rannsóknin mikilvægu ljósi á viðfangsefnið. Í fyrsta lagi staðfesta niðurstöðurnar almenna tilhneigingu fólks til að samþykkja frekar ójöfnuð þegar það upplifir mikinn tekjumun. Þetta bendir til þess að Íslendingar aðlagist því misrétti sem það skynjar í samfélaginu og samþykki í kjölfarið það sem eðlilegt fyrirkomulag. Í öðru lagi varpar rannsóknin ljósi á hvers vegna gagnrýni á ójöfnuð kann að vera takmörkuð. Í þriðja lagi, þrátt fyrir umfangsmiklar alþjóðlegar rannsóknir, hefur þetta tiltekna málefni fengið litla athygli í íslenskum félagsvísindum. Rannsóknin bætir því við nýrri og nauðsynlegri þekkingu á viðhorfum til ójöfnuðar í íslensku samhengi.

Rannsóknin veitir dýrmæta innsýn í réttlætiskennend almennings og skýrir hvernig umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði hefur mótast í íslensku samhengi. Niðurstöður okkar gefa til kynna að umburðarlyndi styrkist að hluta vegna eiginhagsmuna einstaklinga, hugmyndafræðilegs umhverfis þeirra og þó í minna mæli, viðhorfa þeirra til jafnra tækifæra. Rannsóknin kemur fram með nýja þekkingu á virkni ójöfnuðar á Íslandi en undirstrikar um leið mikilvægi frekari rannsókna. Til dæmis gætu nákvæmari mælitæki veitt skýrari mynd af trú á verðleikahyggju. Ennfremur væri áhugavert að kanna frekar hvað liggur að baki því að hluti almennings kys að viðhalda ójöfnuði; eigindleg nálgun eða viðbótarspurningar gætu veitt enn dýpri innsýn í undirliggjandi ástæður.

Í heildina séð er rannsókn á lögum og umburðarlyndi gagnvart ójöfnuði ekki aðeins hugmyndafræðileg umræða, heldur einnig mikilvæg nálgun til að skilja hvernig viðhorf einstaklinga móta það félagslega samhengi sem við búum við (García-Sánchez o.fl., 2019). Ef þörfin fyrir að draga úr ójöfnuði er raunverulega orðin jafn brýn og fræðimenn og fjölmiðlar halda fram, er nauðsynlegt að huga að því hvernig almenningur metur framrás velgengni í eigin samfélagi og hvernig slíkar skynjanir móta réttlætiskennend og viðhorf til ójöfnuðar.

## Þakkarorð

Rannsóknin var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna árið 2023. Höfundur þakkar Nýsköpunarsjóði kærlega fyrir styrkinn sem og umsjónarmönnum skýrslunnar, Sigrúnu Ólafsdóttur og Jóni Gunnari Bernburg.

## Heimildaskrá

- Alesina, A. F. & Ferrara, E. L. (2005). Preferences for redistribution in the land of opportunities. *Journal of Public Economics*, 89(5-6), 897-931. <https://doi.org/10.1016/j.jpubeco.2004.05.009>
- Alma Mjöll Ólafsdóttir. (2023). Ójöfnuður ósanngjarn en samt nauðsynlegur. *Heimildin*. <https://heimildin.is/grein/18678/>
- Almås, I., Cappelen, A. W., & Tungodden, B. (2020). Cutthroat capitalism versus cuddly socialism: Are Americans more meritocratic and efficiency-seeking than Scandinavians?. *Journal of Political Economy*, 128(5), 1753-1788. <https://doi.org/10.1086/705551>
- Alston, J. P. & Dean, K. I. (1972). Socioeconomic factors associated with attitudes toward welfare recipients and the causes of poverty. *The Social Science Review*, 46(1), 13-23. <https://doi.org/10.1086/642795>
- Amis, J. M., Mair, J., & Munir, K. A. (2020). The organizational reproduction of inequality. *Academy of Management Annals*, 14(1), 195-230. <https://doi.org/10.5465/annals.2017.0033>
- Arsenio, W. (2018). The wealth of nations: International judgments regarding actual and ideal resource distributions. *Current Directions in Psychological Science*, 27(5), 357-362. doi: 10.1177/0963721418762377
- Batruch, A., Jetten, J., Van de Werfhorst, H., Darnon, C., & Butera, F. (2023). Belief in school meritocracy and the legitimization of social and income inequality. *Social psychological and personality science*, 14(5), 621-635. <https://doi.org/10.1177/19485506221111017>
- Bartram, D. (2023). Does belief in meritocracy increase with inequality? A reconsideration for European countries. *The British Journal of Sociology*, 74(5), 763-780. <https://doi.org/10.1111/1468-4446.13042>
- Benabou, R. & Tirole, J. (2006). Belief in a just world and redistributive politics. *Quarterly Journal of Economics*, 121(2), 699-746. doi: 10.1162/qjec.2006.121.2.699
- Berglind Hólm Ragnarsdóttir, Kristín Heba Gísladóttir, Valgerður S. Bjarnadóttir og Maya Staub. (2024). *Ójöfnuður meðal kvenna í íslensku samfélagi. Niðurstöður spurningakönnunar meðal kvenna*. Háskólinn á Akureyri og Varða, rannsóknastofnun vinnumarkaðarins.
- Boudreau, C. & MacKenzie, S. (2018). Wanting what is fair: How party cues and information about income inequality affect public support for taxes. *The Journal of Politics*, 80(2), 367-381. doi: 10.1086/694784
- Bozick, R., Alexander, K., Entwisle, D., Dauber, S. & Kerr, K. (2010). Framing the future: Revisiting the place of educational expectations in status attainment. *Social forces*, 88(5), 2027-2052. <https://doi.org/10.1353/sof.2010.0033>
- Bucca, M. (2016). Merit and blame in unequal societies: Explaining Latin Americans' beliefs about wealth and poverty. *Research in Social Stratification and Mobility*, 44, 98-112. <https://doi.org/10.1016/j.rssm.2016.02.005>
- Cruces, G., Perez-Truglia, R., & Tetaz, M. (2013). Biased perceptions of income distribution and preferences for redistribution: Evidence from a survey experiment. *Journal of Public Economics*, 98, 100-112. <https://doi.org/10.1016/j.jpubeco.2012.10.009>
- Dóra S. Bjarnason (1974). *A Study of the Intergenerational Difference in the Perception of Stratification in Urban Iceland*. Master's thesis. University of Keele.
- Du, H., & King, R. B. (2022). What predicts perceived economic inequality? The roles of actual inequality, system justification, and fairness considerations. *British Journal of Social Psychology*, 61(1), 19-36. <https://doi.org/10.1111/bjso.12468>
- Casey, A. E. (2021). Social Issues That Matter to Generation Z. The Annie E. Casey Foundation. <https://www.aecf.org/blog/generation-z-social-issues>
- Castillo, J. C. (2011). Legitimacy of Inequality in a Highly Unequal Context: Evidence from the Chilean Case. *Social Justice Research*, 24, 314-340. <https://doi.org/10.1007/s11211-011-0144-5>
- Castillo, J. C. (2011). *The legitimacy of economic inequality: An empirical approach to the case of Chile*. Universal-Publishers.
- Chernilo, D. & Raza, S. (2022). The "Normative Turn" in Sociological Theory: Sociology's Garden of the Forking Paths. *Civic Sociology*, 3(1), 55639. <https://doi.org/10.1525/cs.2022.55639>
- Cojocaru, A. (2014). Fairness and inequality tolerance: Evidence from the Life in Transition Survey. *Journal of Comparative Economics*, 42(3), 590-608. <https://doi.org/10.1016/j.jce.2014.01.003>
- Davis, K. & Moore, W. E. (1944). Some principles of stratification. *American Sociological Review*, 10(2), 242-249.
- Duffy, B. (2023). The big idea: why the generation gap isn't as wide as you think. *The Guardian*. <https://www.theguardian.com/books/2023/feb/06/the-big-idea-why-the-generation-gap-isnt-as-wide-as-you-think>
- Elenbaas, L. (2019). Interwealth contact and young children's concern for equity. *Child Development*, 90(1), 108-116. <https://doi.org/10.1111/cdev.13157>
- Esade Women Initiative (EWI). (2023). Esade Gender Monitor. [https://www.esade.edu/itemsweb/wi/Prensa/EsadeGenderMonitor\\_2023.pdf](https://www.esade.edu/itemsweb/wi/Prensa/EsadeGenderMonitor_2023.pdf)
- García-Castro, J. D., Rodríguez-Bailón, R., & Willis, G. B. (2020). Perceiving economic inequality in everyday life de-

- creases tolerance to inequality. *Journal of Experimental Social Psychology*, 90, 104019. <https://doi.org/10.1016/j.jesp.2020.104019>
- García-Sánchez, E., Van der Toorn, J., Rodríguez-Bailón, R. & Willis, G. B. (2019). The vicious cycle of economic inequality: The role of ideology in shaping the relationship between “what is” and “what ought to be” in 41 countries. *Social Psychological and Personality Science*, 10(8), 991-1001. <https://doi.org/10.1177/1948550618811500>
- García-Sierra, A. (2023). The Dark Side of Meritocratic Beliefs: Is Believing in Meritocracy Detrimental to Individuals from Low Socioeconomic Backgrounds? *Social Justice Research*, 1-25. <https://doi.org/10.1007/s11211-023-00413-x>
- Gimpelson, V. & Treisman, D. (2018). Misperceiving inequality. *Economics & Politics*, 30(1), 27-54. <https://doi.org/10.1111/ecpo.12103>
- Guðmundur Oddsson. (2020). Einkenni þeirra sem sjá sig í millistétt eða ofar í íslenska stéttakerfinu. *Íslenska þjóðfélagið*, 11(2), 19-39. <https://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/194>
- Guðmundur Ævar Oddsson. (2010). Stéttavitund Íslendinga í kjölfar efnahagshruns. *Íslenska þjóðfélagið*, 1, 5-26. <https://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/10>
- Guðmundur Ævar Oddsson. (2011). Hugmyndir um stéttleysi Íslendinga. *Íslenska þjóðfélagið*, 2, 27-46. <https://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/28>
- Guðmundur Ævar Oddsson. (2016). Neoliberal Globalization and Heightened Perceptions of Class Division in Iceland. *The Sociological Quarterly*, 57(3), 462-490. <https://doi.org/10.1111/tsq.12143>
- Guðmundur Ævar Oddsson & Jón Gunnar Bernburg. (2018). Opportunity beliefs and class differences in subjective status injustice during the Great Recession in Iceland. *Acta Sociologica*, 61(3), 283-299. doi: 10.1177/0001699317718253
- Haack, P. & Sieweke, J. (2018). The Legitimacy of Inequality: Integrating the Perspectives of System Justification and Social Judgment. *Journal of Management Studies*, 55(3), 486-516. <https://doi.org/10.1111/joms.12323>
- Headey, B. (1991). Distributive justice and occupational incomes: Perceptions of justice determine perceptions of fact. *British Journal of Sociology*, 42(4), 581-596. <https://doi.org/10.2307/591448>
- Healey, J. F. (2015). *Statistics: A tool for social research*. Stamford: Cengage learning.
- Heiserman, N. & Simpson, B. (2021). Measuring perceptions of economic inequality and justice: an empirical assessment. *Social Justice Research*, 34, 119-145. <https://doi.org/10.1007/s11211-021-00368-x>
- Hervör Alma Árnadóttir & Soffía Hjördis Ólafsdóttir. (2019). „Við eigum ekkert hús“ Reynsla og upplifun barna af því að búa við fátækt. *Tímarit félagsráðgjafa*, 13(1), 13-20.
- Hauser, O. P., & Norton, M. I. (2017). (Mis) perceptions of inequality. *Current opinion in psychology*, 18, 21-25. <https://doi.org/10.1016/j.copsyc.2017.07.024>
- Hulda Þórisdóttir. (2010). Afsprengi aðstæðna og fjötruð skynsemi : aðdragandi og orsakir efnahagshrunsins á Íslandi frá sjónarhóli kenninga og rannsókna í félagslegri sálfræði. Í Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir, 8, 275-297.
- Jasso, G. (1978). “On the Justice of Earnings: A New Specification of the Justice Evaluation Function.” *American Journal of Sociology*, 83,1398-419. <https://doi.org/10.1086/226706>
- Jasso, G. (2007). “Studying Justice: Measurement, Estimation, and Analysis of the Actual Reward and the Just Reward.” Bls. 225-53 í *Distributive and Procedural Justice. Research and Social Applications*, edited by Törnblom K., Vermunt R. Hampshire, UK: Ashgate.
- Jasso, G., Törnblom, K. Y. & Sabbagh, C. (2016). Distributive justice. In Sabbagh C., Schmitt M. (Eds.), *Handbook of social justice theory and research* (bls. 201-218). New York, NY: Springer. doi:10.1007/978-1-4939-3216-0
- Jost, J. T. (2019). A quarter century of system justification theory: Accumulated evidence of conscious and unconscious bolstering of the status quo. *Political Psychology*, 25, 881-919. <https://doi.org/10.1111/bjso.12297>
- Jost, J. T. & Banaji, M. R. (1994). The role of stereotyping in system-justification and the production of false consciousness. *British Journal of Social Psychology*, 33, 1-27. <https://doi.org/10.1111/j.2044-8309.1994.tb01008.x>
- Jost, J. T., Gaucher, D. & Stern, C. (2015). “The World isn’t fair”: A system justification perspective on social stratification and inequality. In M. Mikulincer, P. R. Shaver, J. F. Dovidio, & J.A. Simpson (Ritsjt.), *APA handbooks in psychology. APA handbook of personality and social psychology, Group processes* (bls. 317-340). American Psychological Association. <https://doi.org/10.1037/14342-012>
- Jón Gunnar Bernburg (2022). “Collective Action and the Self-Fulfilling Prophecy: The Case of the Panama Papers Protest in Iceland.” *European Sociological Review*, 38(2):304-20. doi: 10.1093/esr/jcab051.
- Jón Gunnar Bernburg & Sigrún Ólafsdóttir (2011). Óréttlæti á Íslandi? Upplifanir Íslendinga á ójöfnuði, tækifærum og spillingu á krepputímum. Málþing á vegum Félagsfræðingafélags Íslands og félags- og mannvísindadeildar Háskóla Íslands, 27.apríl.
- Jón Gunnar Bernburg & Sigrún Ólafsdóttir (2023). Eiga ríkir að borga meira? *Heimildin*. <https://heimildin.is/grein/18665/>
- Kampen, T., Elshout, J. & Tonkens, E. (2013). The fragility of self-respect: Emotional labour of workfare volunteering. *Social Policy and Society*, 12(3): 427-438. doi:10.1017/S1474746413000067
- Kastrinou-Theodoropoulou, M. (2009). Editorial Note: Political Anthropology and the Fabrics of Resistance. *Durham Anthropology Journal*.
- Kelley, J. & Zagorski, K. (2005). Economic change and the legitimation of inequality: The transition from socialism to the free market in Central-East Europe. *Research in Social Stratification and Mobility*, (22), 319-364. [https://doi.org/10.1016/S0276-5624\(04\)22011-X](https://doi.org/10.1016/S0276-5624(04)22011-X)
- Kerbo, H. (1983). *Social Stratification and Inequality*. New York: McGraw-Hill.

- Kluegel, J. R. & Smith, E. R. (1982). Whites' beliefs about blacks' opportunity. *American Sociological Review*, 47(4), 518-532. <https://doi.org/10.2307/2095196>
- Kluegel, J. R. & Smith, E. R. (1986). *Beliefs about Inequality. Americans' Views of What Is and What Ought to Be*. New York: Aldine de Gruyter. <https://doi.org/10.4324/9781351329002>
- Knowles, E. D. & Lowery, B. S. (2012). Meritocracy, self-concerns, and whites' denial of racial inequity. *Self and Identity*, 11, 202-222. doi:10.1080/15298868.2010.542015
- Kraus, M. W., Onyeador, I. N., Daumeyer, N. M., Rucker, J. M., & Richeson, J. A. (2019). The Misperception of Racial Economic Inequality. *Perspectives on Psychological Science*, 14(6), 899-921. <https://doi.org/10.1177/1745691619863049>
- Kreidl, M. (2000). What make inequalities legitimate? An international comparison. Sociological Papers. Prag: Academy of Sciences of the Czech Republic.
- Kristín Heba Gísladóttir og Sóllilja Bjarnadóttir. (2025). *Staða launafólks á Íslandi: Niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB*. Varða, rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins.
- Kteily, N. S., Sheehy-Skeffington, J., & Ho, A. K. (2017). Hierarchy in the eye of the beholder: (Anti)egalitarianism shapes perceived levels of social inequality. *Journal of Personality and Social Psychology*, 112(1), 136-159.
- Larsen, C. A. (2016). How three narratives of modernity justify economic inequality. *Acta Sociologica*, 49(2), 93-111. <https://doi.org/10.1177/0001699315622801>
- Ledgerwood, A., Mandisodza A. N., Jost J. T. & Pohl M. J. (2011). Working for the system: Motivated defense of meritocratic beliefs. *Social Cognition*, 29, 322-340. doi:10.1521/soco.2011.29.3.322
- Lipset, S. M. (1973). *The First New Nation: The United States in Historical and Comparative Perspective*. New York: W.W. Norton.
- Liu, X. & Tian, Q. (2017). How large is the income disparity between occupations that the Chinese public can tolerate? *Jiangsu Social Sciences*, (3), 55-62.
- Magnús Torfason, Þorgerður J. Einarsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir & Margrét Sigrún Sigurðardóttir. (2017). Elitir á Íslandi- einsleitni og innbyrðis tengsl. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 13(1). doi: 10.13177/irpa.a.2017.13.1.1
- Manza, J., & Brooks, C. (2020). Mobility Optimism in an Age of Rising Inequality. *The Sociological Quarterly*, 62(2), 343-368. <https://doi.org/10.1080/00380253.2020.1756520>
- Markovits, D. (2019). *The meritocracy trap*. Penguin UK.
- McCall, L. (2013). *The Undeserving Rich: Beliefs about Inequality, Opportunity, and Redistribution in American Society*. Cambridge University Press.
- McCoy S. K. & Major B. (2007). Priming meritocracy and the psychological justification of inequality. *Journal of Experimental Social Psychology*, 43, 341-351. <https://doi.org/10.1016/j.jesp.2006.04.009>
- Meyer, J. W. & Scott, W. R. (1983). *Organizational Environments: Ritual and Rationality*. Beverly Hills: SAGE Publications.
- Mijs, J. J. B. (2021). The paradox of inequality: income inequality and belief in meritocracy go hand in hand. *Socio-Economic Review*, 19(1), 7-35. doi: 10.1093/ser/mwy051
- Mijs, J. J. B. (2022). Stuck in a feedback loop: Why more inequality leads to lower levels of concern. Í *The Media and Inequality* (bls. 226-237). Routledge.
- Mijs, J. J. (2023). Learning about inequality in unequal America: How heterogeneity in college shapes students' beliefs about meritocracy and racial discrimination. *Research in Social Stratification and Mobility*, 85, 100814. <https://doi.org/10.1016/j.rssm.2023.100814>
- Mithaug, D. E. (1996). *Equal opportunity theory*. Sage Publications.
- Newman, B. J., Johnston, C. D. & Lown, P. L. (2015). False consciousness or class awareness? Local income inequality, personal economic position, and belief in American meritocracy. *American Journal of Political Science*, 59(2), 326-340. <https://doi.org/10.1111/ajps.12153>
- Niemelä, M. (2008). Perceptions of the causes of poverty in Finland. *Acta sociologica*, 51(1), 23-40. <https://doi.org/10.1177/0001699307086816>
- Orford, J. (2025). How We Justify High Economic Inequality: Lack of Awareness, System Justification, and Merit Beliefs. Í *The Psychology Of Economic Inequality: Six Reasons Why We Are Failing to Challenge Great Inequalities of Income and Wealth* (pp. 115-138). Cham: Springer Nature Switzerland. [https://doi.org/10.1007/978-3-031-85564-1\\_6](https://doi.org/10.1007/978-3-031-85564-1_6)
- Osberg, L. & Smeeding, T. M. (2006). "Fair" Inequality? Attitudes toward Pay Differentials: The United States in Comparative Perspective." *American Sociological Review*, 71, 450-73. <https://doi.org/10.1177/000312240607100305>
- Parsons, T. (1959). The school class as a social system: some of its functions in American society. *Harvard Educational Review*, 297-218.
- Pickett, K. E. & Wilkinson, R. G. (2015). 'Income inequality and health: A causal review'. *Social Science and Medicine*, 128, 316-26. <https://doi.org/10.1016/j.socscimed.2014.12.031>
- Roex, K. L., Huijts, T., & Sieben, I. (2019). Attitudes towards income inequality: 'Winners' versus 'losers' of the perceived meritocracy. *Acta sociologica*, 62(1), 47-63. <https://doi.org/10.1177/0001699317748340>
- Schneider, S. M. & Castillo, J. C. (2015). Poverty Attributions and the Perceived Justice of Income Inequality: A Comparison of East and West Germany. *Social Psychology Quarterly*, 78(3), 263-282. doi: 10.1177/0190272515589298
- Schröder, M. (2017). Is Income Inequality Related to Tolerance for Inequality? *Social Justice Research*, 30, 23-47. <https://doi.org/10.1007/s11211-016-0276-8>
- Shariff, A. F., Wiwad, D. & Akin, L. B. (2016). Income Mobility Breeds Tolerance for Income Inequality: Cross-National and Experimental Evidence. *Perspectives on Psychological Science*, 11(3), 373-380. doi: 10.1177/1745691616663596

- Sigurjón Björnsson & Edelstein, W. (1977). Explorations in social inequality, stratification dynamics in social and individual development in Iceland. Max-Planck-Institut für Bildungsforschung.
- Sigríður Haraldsd. Elínardóttir. (2023). Ójöfnuður í heilsu og vellíðan. *Hemildin*. <https://heimildin.is/grein/18663/ojofnuður-i-heilsu-og-vellidan/>
- Sigrún Ólafsdóttir & Jón Gunnar Bernburg. (2023). Meira traust hjá þeim sem meira hafa: Áhrif auðmagns og upplifunar af ójöfnuði á traust til stjórnmála. *Stjórnmál og stjórnýssla*, 19(2), 107-130. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2023.19.2.2>
- Stefán Ólafsson. (1982). *Modernization and social stratification in Iceland*. Master's thesis. Oxford University.
- Stefán Ólafsson. (2003). „Contemporary Icelanders – Scandinavian or American?“ *Scandinavian Review*, 91(1), 6-14.
- Stefán Ólafsson (2022). *Baráttan um hjargirnar: Stjórnmál og stéttabaráttan í mótun íslensks samfélags*. Reykjavík: Forlagið.
- Stefán Ólafsson & Arnaldur Sölvi Kristjánsson. (2017). *Ójöfnuður á Íslandi : skipting tekna og eigna í fjölþjóðlegu samhengi*. Reykjavík: University of Iceland Press.
- Striegler, S. G. (2023). “Young People are at the Frontlines of Change – it’s Time the Older Generations Listened up”. DDC. <https://ddc.dk/young-people-are-at-the-frontlines-of-change-its-time-the-older-generations-listened-up/>
- Trump, K. S. (2018). Income inequality influences perceptions of legitimate income differences. *British Journal of Political Science*, 48(4), 929–952. doi: 10.1017/s0007123416000326
- Trump, K. S. (2020). When and why is economic inequality seen as fair. *Current Opinion in Behavioral Sciences*, 34, 46-51. <https://doi.org/10.1016/j.cobeha.2019.12.001>
- Walker, J., Tepper, S. J., & Gilovich, T. (2021). People are more tolerant of inequality when it is expressed in terms of individuals rather than groups at the top. *Proceedings of the National Academy of Sciences*, 118(43), e2100430118. <https://doi.org/10.1073/pnas.2100430118>
- Wei, Q. (2022). Income disparity, perceptions of inequality, and public tolerance. *Chinese Journal of Sociology*, 8(4), 596–635. doi: 10.1177/2057150X221124758
- Wisman, J. D. & Smith, J. F. (2011). Legitimizing Inequality: Fooling Most of the People All of the Time. *American Journal of Economics and Sociology*, 70(4), 974–1013. <https://doi.org/10.1111/j.1536-7150.2011.00795.x>
- Wilkinson, R. G. & Pickett, K. (2019). *The inner level: How more equal societies reduce stress, restore sanity and improve everyone's well-being*. London, UK: Penguin.
- Yamamura, E. (2017). Effect of Historical Educational Level on Perceived Inequality, Preference for Redistribution and Progressive Taxation. *International Economic Journal*, 31(3), 355–369. <https://doi.org/10.1080/10168737.2017.1330355>
- Þórbjörn Broddason & Webb, K. (1975). On the Myth of Social Equality in Iceland. *Acta Sociologica*, 18(1), 49–61. doi: 10.1177/000169937501800105
- Þórolfur Þórlindsson. (1988). „Equality and Educational Opportunity in Iceland“. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 32, 9-22. <https://doi.org/10.1080/0031383880320102>

## Um höfund

YR ÖRLÝGSDÓTTIR (yro@uchicago.edu) er í doktorsnámi í félagsfræði við University of Chicago. Hún lauk bakkalárgráðu í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 2023.